

SAMÞYKKT

um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúans í Reykjavík.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík afgreiðir, án staðfestingar skipulags- og byggingarnefndar, mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum.

2. gr.

Undanskilin frá afgreiðslum skv. 1. gr. eru nýbyggingar, byggingarskilmálar, nafngiftir á götum, vegum og torgum, ásamt beitingu ákvæða í VI. kafla laganna eftir því sem við á, sbr. þó heimildarákvæði 4. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd. Nefndin getur ákveðið að fela byggingarfulltrúa afgreiðslu einstakra nýbygginga.

3. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur hann gefið út byggingarleyfi að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, útlutunar- og skipulagsskilmála og öðrum samþykktum Reykjavíkurborgar um byggingarmál.

Byggingarfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 1. gr. til afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar, sérstaklega ef ætla má að aðili muni ekki vilja sæta niðurstöðu hans.

4. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi skipulags- og byggingarnefndar og bókaðar í fundargerð og hljóta afgreiðslu borgarstjórnar með sama hætti og samþykktir skv. IV. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. -

5. gr.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

6. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa er honum heimilt að skjóta afgreiðslu hans til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og 10. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Skal aðilum leiðbeint um kærufrest þegar um kæranlega ákvörðun er að ræða.

7. gr.

Ofangreind samþykkt borgarráðs Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 7. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 661/2000 með sama heiti.

Umhverfisstjórn, 11. júlí 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Smári Þorvaldsson.